

EFTIRLITSSKÝRSLA

Mýrdalshreppur við Uxafótarlæk



Dags eftirlits	21.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Mýrdalshreppur	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Austurvegi 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4612830399	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Brynjar Ögmundarsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	501748,175 324486,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Fram komu tvö frávik frá starfsleyfi. Rekstraraðili þarf að setja sér umhverfismarkmið og vinna samkvæmt þeim en auk þess bárust magntölur úrgangs eftir 1. maí.

UMFANG EFTIRLITS

Staða eldri frávik

Gr. 4.3 í starfsleyfi - Skv. gr. 4.3 í starfsleyfi ber rekstraraðila að byrgja urðunarreinar samdægurs með þekjuefni sem m.a. kemur í veg fyrir aðgang meindýra. Urðunarrein var opin í eftirliti árið 2017 og greinileg ummerki eftir meindýr við reinina. Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum vegna þessa og var urðunarrein byrgð með þekjuefni við eftirlitið. Búið er að loka frávikinu.

Gr. 5.3 í starfsleyfi.

Rekstraraðila ber fyrir 1. maí ár hvert, skv. gr. 5.3 í starfsleyfi, að skila inn til Umhverfisstofnunar skráningum fyrir undangengið almanaksár.

Þær skráningar hafa ekki borist Umhverfisstofnun fyrir árið 2016. Búið er að breyta verklagi þannig að upplýsingar um magn úrgangs er nú skráð og bárust stofnuninni gögn fyrir árið 2017 þann 20. júní sl. Búið er að loka frávikinu.

Í eftirlitsferðinni voru aðstæður kannaðar bæði sunnan- og norðanmegin. Fyrir sunnan veg er urðuð seyra en norðan vegar er mestmegnis urðuð garðúrgangur. Nokkuð vel var gengið frá urðunarstaðnum og ekki tilefni til athugasemda. Rætt var um að rekstraraðili þurfi að setja sér umhverfismarkmið og vinna eftir þeim. Nánari leiðbeiningar má finna á vef Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Umhverfismarkmi%C3%B0.pdf>

Frávik frá

Lýsing á frávik

grein 2.3

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og vinna samkvæmt þeim.

grein 5.3

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga sbr. grein 5.1 fyrir 1. maí ár hvert. Stofnuninni bárust skráningar þann 20. júní sl. og telst frávikinu því lokið.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.01.2019


Einar Halldórsson

